



## **Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7**

---

**Útboðs- og verklýsing  
Tilboðsskrá**

**Júlí 2018**

## EFNISYFIRLIT

|                                                     |           |
|-----------------------------------------------------|-----------|
| <b>TILBOÐSBLAÐ .....</b>                            | <b>0</b>  |
| <b>1 ÚTBODSSKILMÁLAR .....</b>                      | <b>1</b>  |
| 1.1 ÚTBOD .....                                     | 1         |
| 1.2 ÚTBODSFORM .....                                | 1         |
| 1.3 ÚTBODSGÖGN .....                                | 1         |
| 1.4 GERÐ OG FRÁGANGUR TILBOÐS .....                 | 2         |
| 1.5 TILBOÐSSKRÁ .....                               | 2         |
| 1.6 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR, VERÐLAGSBREYTINGAR .....   | 2         |
| 1.7 ÁGREININGSMÁL .....                             | 3         |
| 1.8 FYRIRVARAR OG FYRIRSPURNIR .....                | 3         |
| 1.9 AÐSTÆÐUR, UMFERÐ OG REGLUGERÐIR .....           | 3         |
| 1.10 AUÐKENNI TILBOÐS .....                         | 3         |
| 1.11 ÖPNUN TILBOÐS .....                            | 3         |
| 1.12 FORSENDUR FYRIR VALI Á TILBODI .....           | 3         |
| <b>2 ALMENNIR VERKSKILMÁLAR .....</b>               | <b>5</b>  |
| 2.1 FRAMKVÆMDATRYGGING .....                        | 5         |
| 2.2 VERKÁÆTLUN .....                                | 5         |
| 2.3 GREIÐSLUR .....                                 | 5         |
| 2.4 GREIÐSLUR FYRIR AUKAVERK OG TÍMAVINNUVERK ..... | 5         |
| 2.5 DAGSEKTIR .....                                 | 6         |
| 2.6 TRYGGINGAR OG ÖNNUR GJÖLD .....                 | 6         |
| 2.7 EFTIRLIT .....                                  | 6         |
| 2.8 UNDIRVERKTAKAR .....                            | 7         |
| 2.9 EFNI SEM VERKKAUPI LEGGUR TIL .....             | 7         |
| 2.10 MÁLSETNINGAR OG MÆLINGAR .....                 | 7         |
| 2.11 YFIRSTJÓRN, TÆKNIVINNA, VERKSTJÓRN .....       | 7         |
| 2.12 GÆÐI VERKSINS .....                            | 7         |
| 2.13 ÚTTEKT .....                                   | 8         |
| <b>3 FORM VERKSAMNINGS .....</b>                    | <b>9</b>  |
| <b>4 FORM VERKTRYGGINGAR .....</b>                  | <b>11</b> |
| <b>5 VERKLÝSING FYRIR HÚS 3 .....</b>               | <b>12</b> |
| 5.1 ALMENNT .....                                   | 12        |
| 5.2 VERKSTAÐUR, VERKTÍMI OG VERKHLUTAR .....        | 12        |
| 5.3 AFKÖST OG VINNUBRÖGD .....                      | 12        |
| 5.4 AÐSTAÐA .....                                   | 13        |
| 5.4.1 Aðstaða og rekstur vinnusvæðis .....          | 13        |
| 5.4.2 Öryggisgirðing .....                          | 13        |
| 5.5 NIÐURRIF .....                                  | 13        |
| 5.5.1 Almenn .....                                  | 13        |
| 5.5.2 Undirstöður .....                             | 14        |
| 5.5.3 Botnplata .....                               | 14        |
| 5.5.4 Milliplötur .....                             | 14        |
| 5.5.5 Steyptir veggir .....                         | 14        |
| 5.5.6 Timbur veggir .....                           | 14        |
| 5.5.7 Útveggjaklæðning .....                        | 14        |
| 5.5.8 Útigluggar .....                              | 15        |
| 5.5.9 Útihurðir .....                               | 15        |
| 5.5.10 Þakvirki .....                               | 15        |
| 5.5.11 Innveggir .....                              | 15        |
| 5.5.12 Gólf .....                                   | 15        |

|          |                                          |           |
|----------|------------------------------------------|-----------|
| 5.5.13   | Loft.....                                | 16        |
| 5.5.14   | Innréttingar .....                       | 16        |
| 5.5.15   | Hreinlætisbúnaður.....                   | 16        |
| 5.5.16   | Raflagnir/símalagnir.....                | 16        |
| 5.5.17   | Neysluvatns- og hitavatnslagnir .....    | 16        |
| 5.5.18   | Steypt gangstétt og tröppur .....        | 17        |
| 5.5.19   | Lóðarfrágangur .....                     | 17        |
| 5.6      | TÍMAVINNUVERK.....                       | 17        |
| <b>6</b> | <b>VERKLÝSING FYRIR HÚS 5 .....</b>      | <b>18</b> |
| 6.1      | ALMENNT .....                            | 18        |
| 6.2      | VERKSTAÐUR, VERKTÍMI OG VERKHLUTAR ..... | 18        |
| 6.3      | AFKÖST OG VINNUBRÖGD .....               | 18        |
| 6.4      | AÐSTAÐA.....                             | 19        |
| 6.4.1    | Aðstaða og rekstur vinnusvæðis .....     | 19        |
| 6.4.2    | Öryggisgirðing.....                      | 19        |
| 6.5      | NIÐURRIF .....                           | 19        |
| 6.5.1    | Almennt.....                             | 19        |
| 6.5.2    | Undirstöður .....                        | 20        |
| 6.5.3    | Botnplata .....                          | 20        |
| 6.5.4    | Milliplötur .....                        | 20        |
| 6.5.5    | Steyptir veggir .....                    | 20        |
| 6.5.6    | Útveggjaklæðning.....                    | 20        |
| 6.5.7    | Útigluggar .....                         | 21        |
| 6.5.8    | Útihurðir.....                           | 21        |
| 6.5.9    | Þakvirki.....                            | 21        |
| 6.5.10   | Innveggir.....                           | 21        |
| 6.5.11   | Gólf.....                                | 21        |
| 6.5.12   | Loft.....                                | 21        |
| 6.5.13   | Innréttingar .....                       | 22        |
| 6.5.14   | Hreinlætisbúnaður.....                   | 22        |
| 6.5.15   | Raflagnir/símalagnir.....                | 22        |
| 6.5.16   | Neysluvatns- og hitalagnir.....          | 22        |
| 6.5.17   | Steypt gangstétt og tröppur .....        | 22        |
| 6.5.18   | Timburpallur og skjólveggir .....        | 23        |
| 6.5.19   | Lóðarfrágangur .....                     | 23        |
| 6.6      | TÍMAVINNUVERK.....                       | 23        |
| <b>7</b> | <b>VERKLÝSING FYRIR HÚS 7 .....</b>      | <b>24</b> |
| 7.1      | ALMENNT .....                            | 24        |
| 7.2      | VERKSTAÐUR, VERKTÍMI OG VERKHLUTAR ..... | 24        |
| 7.3      | AFKÖST OG VINNUBRÖGD .....               | 24        |
| 7.4      | AÐSTAÐA.....                             | 25        |
| 7.4.1    | Aðstaða og rekstur vinnusvæðis .....     | 25        |
| 7.4.2    | Öryggisgirðing.....                      | 25        |
| 7.5      | NIÐURRIF .....                           | 25        |
| 7.5.1    | Almennt.....                             | 25        |
| 7.5.2    | Undirstöður .....                        | 26        |
| 7.5.3    | Botnplata .....                          | 26        |
| 7.5.4    | Milliplötur .....                        | 26        |
| 7.5.5    | Steyptir veggir .....                    | 26        |
| 7.5.6    | Útveggjaklæðning.....                    | 26        |
| 7.5.7    | Útigluggar .....                         | 26        |
| 7.5.8    | Útihurðir.....                           | 27        |
| 7.5.9    | Þakvirki.....                            | 27        |
| 7.5.10   | Innveggir.....                           | 27        |

|                                      |                                  |           |
|--------------------------------------|----------------------------------|-----------|
| 7.5.11                               | Gólf.....                        | 27        |
| 7.5.12                               | Loft.....                        | 27        |
| 7.5.13                               | Innréttingar .....               | 28        |
| 7.5.14                               | Hreinlætisbúnaður.....           | 28        |
| 7.5.15                               | Raflagnir/símalagnir.....        | 28        |
| 7.5.16                               | Neysluvatns- og hitalagnir.....  | 28        |
| 7.5.17                               | Steypt gangstétt og tröppur..... | 28        |
| 7.5.18                               | Lóðarfrágangur .....             | 29        |
| 7.6                                  | TÍMAVINNUVERK.....               | 29        |
| <b>TILBOÐSSKRÁ FYRIR HÚS 3 .....</b> |                                  | <b>30</b> |
| <b>TILBOÐSSKRÁ FYRIR HÚS 5 .....</b> |                                  | <b>32</b> |
| <b>TILBOÐSSKRÁ FYRIR HÚS 7 .....</b> |                                  | <b>34</b> |
| <b>FYLGISKJÖL FYRIR HÚS 3 .....</b>  |                                  | <b>36</b> |
| <b>FYLGISKJÖL FYRIR HÚS 5 .....</b>  |                                  | <b>37</b> |
| <b>FYLGISKJÖL FYRIR HÚS 7 .....</b>  |                                  | <b>39</b> |

Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær

---

## TILBOÐSBLAÐ

### Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7 ÚTBOÐ

Undirritaður \_\_\_\_\_  
býðst hér með til að ljúka að fullu verkinu "Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7" í samræmi við þessi útboðsgögn.

#### SAMANTEKT TILBOÐSSKRÁR

|     |               |       |     |
|-----|---------------|-------|-----|
| 5.4 | Aðstaða       | _____ | kr. |
| 5.5 | Niðurrif      | _____ | kr. |
| 5.6 | Tímavinnuverk | _____ | kr. |
| 6.4 | Aðstaða       | _____ | kr. |
| 6.5 | Niðurrif      | _____ | kr. |
| 6.6 | Tímavinnuverk | _____ | kr. |
| 7.4 | Aðstaða       | _____ | kr. |
| 7.5 | Niðurrif      | _____ | kr. |
| 7.6 | Tímavinnuverk | _____ | kr. |

Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7.

Samtals: \_\_\_\_\_ kr.

Undirritaður skuldbindur sig til að ljúka öllu því er verksamningur nær til innan þess tímaramma sem gefinn er í útboðsgögnum.

Undirritaður hefur ennfremur kynnt sér öll gögn rækilega eins og þau eru talin upp í útboðsgögnum, sem og alla staðhætti.

Tilboð undirritaðs er bindandi í allt að 6 vikur.

Þar til verksamningur hefur verið gerður er tilboð þetta, ásamt skriflegri viðurkenningu verkkaupa á samþykki þess, bindandi samningur á milli undirritaðs og verkkaupa.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Nafn fyrirtækis: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Undirskrift: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_

## 1 ÚTBOÐSSKILMÁLAR

### 1.1 ÚTBOÐ

Umhverfis- og tæknisvið Garðabæjar óskar eftir tilboðum í rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7 í Garðabæ.

Verkluti (starfsgrein) er:

- Niðurrif.
- Frágangur á lóð.

Um er að ræða rif á steinsteyptum húsum.

Verk þetta nefnist: "Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær".

Verkkaupi: Bæjarsjóður Garðabæjar.

Útboðsgögn: Umhverfis- og tæknisvið Garðabæjar.

Verklökadagsetning er 31. október 2018 fyrir hús 5 og 7.

Verklökadagsetning er 31. ágúst 2019 fyrir hús 3.

### 1.2 ÚTBOÐSFORM

Um er að ræða opið útboð og er því *almennt útboð* eins og því er lýst í 2. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

### 1.3 ÚTBOÐSGÖGN

- a) Útboðs- og verklýsing þessi.
- b) Tilboðsblað og tilboðsskrá.
- c) Íslenskur staðall, ÍST-30.
- d) Fylgiskjöl:

Hús 3

- Teikning nr. 405 – Grunnmyndir og útlit.

Hús 5

- Teikning nr. 101 – Aðaluppdrættir, grunnmyndir og skýringar.
- Teikning nr. 102 – Aðaluppdrættir, hliðar og þversnið.

Hús 7

- Teikning nr. 101 – Afstöðumynd, grunnmynd og sneiðing.
- Teikning nr. 102 – Útlit.

Þar sem útboðs- og verklýsing stangast á við ÍST 30, gildir útboðs- og verklýsingin.

#### 1.4 GERÐ OG FRÁGANGUR TILBOÐS

Tilboð skal gera í hvern verklið eins og honum er lýst í útboðsgögnum.

Tilboð skal gera á tilboðsblað og í óútfyllta tilboðsskrá. Í tilboðsskrá ber að fylla út í alla auða reiti fyrir einingarverð hvers verkhlutar svo og samtölur í aftasta dálki. Að lokum skal færa niðurstöðutölu tilboðs á tilboðsblað.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að bæta við eða fella út verkliði.

Einingaverð skulu vera í heilum krónum.

Í tilboði skal vera innifalinn allur lög- og samningsbundinn kostnaður sem fylgir því að hafa menn í vinnu, selja vinnu þeirra og það efni, sem til verksins þarf annað en það sem verkkaupi leggur til, svo og allur kostnaður við ferðir og uppihald starfsmanna, yfirstjórn, ágóði o.s.frv. Undir þessi ákvæði fellur einnig virðisaukaskattur og annar kostnaður, þótt ótalinn sé hér að ofan. Verkið er gert upp miðað við unnið magn.

Tilboð eru bindandi í sex vikur frá opnunardegi.

#### 1.5 TILBOÐSSKRÁ

Verktaki skal gefa einingarverð í viðkomandi verkþátt. Verktaki skal jafnframt margfalda upphæðina með magntölu viðkomandi verkþátta.

Tilboð skal vera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum og skal tilboðsupphæð vera í íslenskum krónum **með virðisaukaskatti**.

Þjóðendur skulu fylla út alla liði tilheyrandi tilboðseyðublaðs, sem er hluti af útboðsgögnum þessum. Litið er á óútfyllta kostnaðarliði á tilboðseyðublaði sem ákvörðun þjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum og verður verktaki þá að vinna viðkomandi verkþætti óháð magni án þess að fyrir komi sérstök greiðsla. Tilboðseyðublað skulu vera dagsett og undirrituð af þjóðanda.

Í hverjum einstökum greiðslulið skal vera innifalinn allur kostnaður rekstraraðila af viðkomandi greiðslulið, svo sem allt efni, vinna, tæki, flutningur manna og tækja, tryggingar, gjöld, förgun úrgangs, o.s.frv. nema annað sé tekið fram í útboðsgögnum þessum.

Sé misræmi á milli einingarverðs og heildarverðs, gildir einingarverðið.

#### 1.6 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR, VERÐLAGSBREYTINGAR

Tilboð er á föstu verðlagi og tekur engum verðlagsbreytingum fyrir verkhluta sem vinna á árið 2018, en verðbætast skv. byggingarvísitölu fyrir verkþátt sem unnin er árið 2019. Viðmiðunardagsetning vísitölu er opnunardagur tilboðs.

### 1.7 ÁGREININGSMÁL

Með ágreiningsmál skal fara skv. ÍST 30 kafla 6.3.

### 1.8 FYRIRVARAR OG FYRIRSPURNIR

Óski bjóðandi eftir nánari skýringum á einhverjum atriðum í útboðsgögnum, skal það gert með skriflegri fyrirspurn, sem þarf að berast til Björgvins Garðatorg 7, email: [bjorgvin@gardabaer.is](mailto:bjorgvin@gardabaer.is) í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir opnunardag. Verður fyrirspurninni þá svarað skriflega og öðrum bjóðendum send fyrirspurnin og svarið við henni. Slíkar viðbætur skoðast þá sem hluti útboðsgagna.

### 1.9 AÐSTÆÐUR, UMFERÐ OG REGLUGERÐIR

Verktaki skal kynna sér aðstæður á vinnustað eins og unnt er og miða tilboð sitt við það.

### 1.10 AUÐKENNI TILBOÐS

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi til Umhverfis- og tæknisvið Garðabæjar að Garðatorgi 7 Garðabæ, þannig merkt:

Garðabær  
Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær  
Tilboð

### 1.11 OPNUN TILBOÐS

Tilboð berist á áðurnefndan stað fyrir kl. 11:00, þriðjudaginn 4. september 2018 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Áskilinn er réttur til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

### 1.12 FORSENDUR FYRIR VALI Á TILBOÐI

Þegar tilboð hafa verið opnuð skulu bjóðendur, ef um er beðið, gefa verkkaupa eftirfarandi upplýsingar:

a) Upplýsingar um mannafla og tækjakost fyrirtækisins, aukabúnað sem fylgir tækjum o.fl. þ.h.. Þar skal m.a. koma fram skipurit yfir helstu lykilstjórnendur þ.e. það komi fram hver hefur yfirumsjón með verkinu fyrir hönd verktaka og hver fer með dagleg samskipti við verkkaupa. (Þessar upplýsingar geta líka fylgt tilboði.).

b) Fjárhagsstöðu fyrirtækisins, þ.e. ársreikninga síðustu tveggja ára og yfirlýsingu viðskiptabanka um bankaviðskipti. Auk yfirlýsingar frá innheimtumanni ríkissjóðs um skil á opinberum gjöldum.



c) Önnur verkefni sem fyrirtækið áformar að vinna á sama tíma.

d) Upplýsingar um þau verk sem viðkomandi hefur áður unnið.

*Lögð er áhersla á að verktaki hafi unnið sambærileg verk áður með góðum árangri.*

Til að unnt verði að meta hæfi bjóðenda verða eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar við mat á tilboðum, enda séu lágmarkskröfur útboðsgagna uppfylltar:

- Verð.
- Tækjabúnaður.

Ef um bjóðenda gildir eitt eða fleiri af eftirtöldu atriðum, þegar að undirritun samnings kemur, verður ekki gengið til samninga við hann:

- Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.
- Bjóðandi er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.
- Bjóðandi er í nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum.

Ef eitt eða fleiri af eftirtöldu atriðum koma í ljós við skoðun gagna frá bjóðanda, áskilur verkkaupi sér rétt til þess að hafna tilboði hans:

- Bjóðandi hefur neikvætt eigið fé.
- Bjóðandi hefur ekki nægilega þekkingu eða reynslu af sambærilegum verkum, að mati verkkaupa.
- Velta ársins 2016 var undir 70% af tilboðsfjárhæð í þetta verk.

**Verkkaupi kannar hæfi bjóðenda með tilliti til ofangreindra upplýsinga. Ef bjóðandi hefur, að mati verkkaupa, ekki tæknilega, fjárhagslega eða faglega getu til að framkvæma verkið, er áskilinn réttur til að hafna tilboði hans.**

## 2 ALMENNIR VERKSKILMÁLAR

### 2.1 FRAMKVÆMDATRYGGING

Áður en skriflegur verksamningur er undirritaður skal verktaki setja tryggingu banka eða tryggingafélags fyrir því að hann efni skyldur sínar samkvæmt samningnum. Tryggingin skal vera 10% af samningsupphæð og standa til verkloka.

Fjögur prósent (4%) tryggingarupphæðarinnar skal standa í 12 mánuði, talið frá verklokum eða fram yfir ábyrgðarúttekt. Trygging þessi skal vera á því formi að hún sé tiltæk án undangengis dómsúrskurðar. Verkkaupi mun ekki setja aðra tryggingu fyrir greiðslum en þá sem felst í ákvæðum verksamnings.

### 2.2 VERKÁÆTLUN

Mikil áhersla er lögð á að strax og samið hefur verið við verktaka, verði ráðist í að framkvæma allt sem fyrir liggur og eftirlitsmaðurinn hefur óskað eftir að gert verði.

Verkið skal síðan vinna samfleytt eins og kostur er.

Áriðandi er að áður en skriflegur verksamningur verður gerður, liggi fyrir ítarleg verkáætlun verktaka til verkloka hvers verkþáttar, þar sem sýnt er hvenær fyrirhugað er að vinna verkið.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 31. október 2018 fyrir hús 5 og 7.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 31. ágúst 2019 fyrir hús 3.

### 2.3 GREIÐSLUR

Reikninga skal gera í verklok.

Greiðslur verða inntar af hendi skv. framlögðum reikningum, samþykktum af eftirlitsmanni, þar sem tilgreina skal þá verkliði sem reikningur er gerður fyrir hverju sinni. Skulu reikningar grundvallaðir á skilagreinum sem eftirlitsmaður hefur samþykkt.

### 2.4 GREIÐSLUR FYRIR AUKAVERK OG TÍMAVINNUVERK

Réttmætur hluti reiknings verður greiddur eigi síðar en 20 dögum eftir að hann er lagður fram og hefur verið samþykktur af eftirlitsmanni verkkaupa.

Verktaki má engin aukaverk vinna nema samkvæmt skriflegum fyrirmælum verkkaupa. Aðilar skulu semja skriflega um greiðslur vegna breytinga og aukaverka áður en þau eru unnin og skal þá stuðst við einingarverð tilboðs eða samið um fast verð.

Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær

---

Með framlögðum reikningum skal fylgja útskrift yfir framvindu og tímabils sem reikningsfært er fyrir. Verktaki skal sundurliða reikninga milli verkþátta verksins.

## 2.5 DAGSEKTIR

Verktaka ber að skila verkinu samkvæmt samningum á umsömdum tíma.

Verkinu skal að fullu lokið þann 31. október 2018 fyrir hús 5 og 7. Verkinu skal að fullu lokið þann 31. ágúst 2019 fyrir hús 3. Dagsektir eru 0,1% af samnings upphæð fyrir hvern almanaksdag sem dráttur verður á afhendingu verksins. Ef verktaki telur sig eiga rétt á framlengingu á verklokum, skal hann tilkynna verkkaupa skriflega um orsök tafarinnar innan 3ja daga frá því að meint orsök liggur fyrir. Kvartanir seinna fram komnar, verða ekki teknar til greina. Hann skal, ef þess er krafist, færa sönnur á að töfin hafi hlotist af þeim atvikum sem hann ber fyrir sig.

## 2.6 TRYGGINGAR OG ÖNNUR GJÖLD

Meðan á framkvæmd stendur, þar til afhending hefur farið fram, skal verktaki á sinn kostnað hafa efni nægilega hátt váttryggt eins og verðgildi þess er á hverjum tíma.

Slysaftryggingu alla skal verktaki annast og kosta, sem og önnur þau lögboðin og samningsbundin gjöld, sem fylgir því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu. Verktaki skal senda verkkaupa afrit af tryggingarskírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir vegna verksins á hverjum tíma.

Ábyrgðartryggingu skal verktaki hafa, ábyrgðartryggingin skal taka til tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna framkvæmdanna.

## 2.7 EFTIRLIT

Verkkaupi hefur eftirlitsmann er annast daglegt eftirlit á vinnustað. Eftirlitsmaður kemur fram fyrir hönd verkkaupa og ber verktaka að hlíta fyrirmælum hans. Eftirlitsmaður skal hafa óhindraðan aðgang að vinnustað og efni og skal sjá um að verktaki framkvæmi verkið í samræmi við uppdrætti og lýsingar. Er honum heimilt að stöðva verkið ef athugasemdir hans eru ekki teknar til greina. Verktaki skal sjá eftirlitsmanni fyrir aðstoð við efnisprófun og aðrar mælingar er verkkaupi lætur framkvæma.

Samþykkt eftirlitsmanns á staðsetningu eða vinnu leysir verktaka á engan hátt undan ábyrgð þeirri sem á honum hvílir.

Óheimilt er verktaka að halda áfram með verk sem óhæft hefur verið talið, eða nota efni sem dæmt hefur verið óhæft.

Varðandi lokaúttekt vísast til ÍST 30.

## 2.8 UNDIRVERKTAKAR

Þótt verktaki taki sér undirverktaka eða aðstoð á annan hátt, breytir það ekki stöðu hans gagnvart verkkaupa. Verktaki ber einn ábyrgð gagnvart verkkaupa.

## 2.9 EFNI SEM VERKKAUPI LEGGUR TIL

Verkkaupi leggur ekki til neitt efni.

## 2.10 MÁLSETNINGAR OG MÆLINGAR

Mælingar, uppgjör og önnur tæknivinna skal unnin af manni með mikla reynslu af verkum eins og hér um ræðir, sem verkkaupi samþykkir og í samvinnu við eftirlitsmann.

## 2.11 YFIRSTJÓRN, TÆKNIVINNA, VERKSTJÓRN

Yfirstjórn verksins skal vera í höndum ábyrgs aðila með góða reynslu af verkum eins og hér um ræðir og verkkaupi samþykkir.

Telji verkkaupi verkstjórn óhæfa á einhvern hátt, getur hann krafist þess að skipt verði um mann eða menn. Mönnum þeim er óhæfir reynast til starfa eða koma á annan hátt þannig fram að ástæða sé til umkvörtunar, skal vikið af vinnustað ef verkkaupi krefst þess.

Verkkaupi mun ekki sjá verktaka fyrir annarri vinnuaðstöðu en á verkstaðnum sjálfum.

Verktaka ber að sjá um að góð regla og umgengni ríki á vinnustað.

Kostnaður við yfirstjórn og verkstjórn skal innifalinn í tilboðinu.

## 2.12 GÆÐI VERKSINS

Forsvarsmenn verksins skulu vera meistarar í viðkomandi grein með fullum réttindum á viðkomandi sviði.

Allt efni, öll vinna og frágangur skal vera fyrsta flokks og skal verktaki ráðfæra sig við verkkaupa um öll efniskaup til framkvæmdarinnar og leita samþykkis hans á þeim. Ef eitthvert einstakt verk er illa af hendi leyst eða efni sem notað hefur verið reynist gallað að mati verkkaupa, getur eftirlitsmaður hvenær sem er krafist þess að verkið verði unnið að nýju á kostnað verktaka, þótt ekki sé komið að úttekt á verkinu.

Eftirlitsmaður getur krafist þess að verktaki vísi burt af vinnustað þeim starfsmönnum sem að mati verkkaupa sýna vankunnáttu eða slóðaskap í

Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær

---

störfum á byggingarstað, eða neita að hlýða fyrirmælum útboðsgagna eða eftirlitsmanna.

## 2.13 ÚTTEKT

Lokaúttekt:

Að verki loknu skal fara fram lokaúttekt. Lokaúttektin telst ekki hafa farið fram fyrr en verktaki hefur uppfyllt öll ákvæði verksamnings.

Ábyrgðarúttekt:

Framkvæmdatrygging gildir í eitt ár frá því að verki lýkur eða þangað til verkkaupi hefur fallist á að verktaki hafi uppfyllt öll skilyrði verksamnings og ábyrgðarúttekt hefur farið fram.

### 3 FORM VERKSAMNINGS

#### VERKSAMNINGUR

Undirritaðir aðilar, bæjarstjórinn í Garðabæ, f.h. bæjarstjórnar Garðabæjar, sem verkkaupi og \_\_\_\_\_ sem verktaki, gera með sér eftirfarandi samning:

##### 1. grein

Verktaki tekur að sér rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7 í Garðabæ. Verkið skal verktaki vinna samkvæmt útboðsgögnum dagsettum í júlí 2018 en þau eru þessi:

- a) Útboðs- og verklýsing þessi.
- b) Tilboðsblað og tilboðsskrá.
- c) Íslenskur staðall, ÍST-30.
- d) Verk- og tímaáætlun.
- e) Verktrygging.

Öll útboðsgögn ásamt undirrituðu tilboði verktaka dags. \_\_\_\_\_ 2018 teljast hluti af samningi þessum.

##### 2. grein

Greiða skal fyrir verkið samkvæmt tilboði verktaka dagsettu \_\_\_\_\_ 2018, kr. \_\_\_\_\_.

Greiðsla fer fram eftir á, samkvæmt uppgjöri, sem gert er í verklok.

##### 3. grein

Verktaki skal hefja verkið þegar í stað og nota til þess þá afkastagetu í mannafla og tækjum að ljúka megi verkinu á tilsettum tíma.

Verkinu skal að fullu lokið þann 31. október 2018 fyrir hús 5 og 7 að viðlögðum dagsektum 0,1% af samnings upphæð fyrir hvern almanaksdag sem dráttur verður á afhendingu verksins.

Verkinu skal að fullu lokið þann 31. ágúst 2019 fyrir hús 3 að viðlögðum dagsektum 0,1% af samnings upphæð fyrir hvern almanaksdag sem dráttur verður á afhendingu verksins.

Fyrir liggur áætlun verktaka um gang verksins. Í áætlun þessari er greint frá helstu áföngum verksins, vélakosti, mannafla og áætluðum afköstum hans á hverjum tíma og efnisútvægum beggja aðila á hverjum tíma. Áætlun þessi er gerð í samráði við verkkaupa og telst hún hluti af samningi þessum. Er verkkaupa

Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær

---

heimilt að taka verkið í heild af verktaka, ef meðfylgjandi verkáætlun er ekki fylgt.

4. grein

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Garðabæ \_\_\_\_\_ 2018

Verktaki:

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Verkkaupi:

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Vottar:

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

#### 4 FORM VERKTRYGGINGAR

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann ábyrgist Bæjarsjóði Garðabæjar sem verkkaupa, greiðslu allt að kr. \_\_\_\_\_ sem er 10% samningsfjárhæðar sem tryggingu fyrir því að \_\_\_\_\_ inni af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki á verkinu "Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær " skv. útboðslýsingu dagsettri í júlí 2018.

Ábyrgðartrygging þessi er sett samkvæmt ákvæðum útboðslýsingar og gildir fram yfir ábyrgðarúttekt sem á að fara fram 12 mánuðum eftir verklok. Frá verklokum og fram yfir ábyrgðarúttekt, lækkar upphæð tryggingar niður í 4% af samningsfjárhæð.

Verkkaupi (Bæjarsjóður Garðabæjar) getur krafist undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengis dóms, ef hann telur nauðsynlegt til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem verkkaupi hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamningsins og skal greiðslan fara fram strax og hennar er krafist.

\_\_\_\_\_ 2018

\_\_\_\_\_  
Undirskrift ábyrgðaraðila  
(banka eða tryggingarfélags)



## 5 VERKLÝSING FYRIR HÚS 3

### 5.1 ALMENNT

Húseignin við Lækjarfit 3 er steinsteypt sambýlishús á tveimur hæðum með seinni tíma viðbyggingu, þar sem jarðhæðin er steinsteypt og efri hæðin úr timbri. Skráð byggingarár er 1959. Húsið er skráð alls 182,5 m<sup>2</sup> og skipt upp í 2 íbúðir en ris tilheyrandi íbúðar efri hæðar hefur verið innréttað til notkunar. Húsið er klætt að utan með hefðbundnu múrkerfi en efri hæð viðbyggingar klædd með timbri, einnig er timburverk sitthvoru megin við glugga. Gluggar eru úr timbri með tvöföldu gleri. Í íbúðunum eru neysluvatns-, hita- og raflagnir sem og eldhúsinnrétting, skápar og hillur. Þak hússins er bárujárnsklætt risþak og einhalla yfir viðbyggingu. Á gólfum eru ýmist flísar eða parket. Stigi að inngangi íbúðar á 2. hæð er steypdur.

Magntölur eru einungis til viðmiðunar. Í einingarverði er innifalinn allur kostnaður verktaka sem þarf til að skila fullfrágengnu verki.

### 5.2 VERKSTAÐUR, VERKTÍMI OG VERKHLUTAR

Verkstaður er: Lækjarfit 3, Garðabæ.

Verktími er: 15 júlí til 31 ágúst 2019.

Verkhlutar eru: Niðurrif, förgun og frágangur á lóð.

### 5.3 AFKÖST OG VINNUBRÖGÐ

Eftirlitsmaður mun fylgjast náið með vinnubrögðum og afköstum verktaka.

Lögð er rík áhersla á fagleg og vönduð vinnubrögð og að verktaki vinni verkið með góðum og jöfnum gangi. Telji verkkaupi að verktaki uppfylli ekki áður nefnd atriði er honum heimilt að rifta samningi að undangenginni aðvörun.

Vinnusvæði skal skilað snyrtilegu. Verktaki skal fjarlægja alla efnisafganga og alla aukahluti og ílát, sem hann kann að hafa með sér á vinnusvæðið, strax þegar verkþættinum er lokið á hverjum stað.

Áður en verk er hafið skal verktaki hafa samband við eftirlitsmann og leita samþykkis hans á vinnutilhögun.

Allar magntölur eru áætlaðar eftir teikningum. Lögð er rík áhersla á að bjóðendur fari á verkstað og kynni sér rækilega aðstæður.

## 5.4 AÐSTAÐA

### 5.4.1 AÐSTAÐA OG REKSTUR VINNUSVÆÐIS

Verktaki fær úthlutað vinnusvæði á lóðinni við Lækjarfit 3. Aðstaða skal sett upp í fullu samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

Verktaki skal ávalt leggja sig fram um að hafa vinnusvæði snyrtilegt og í verklok skal verktaki fjarlægja aðstöðu og hreinsa athafnasvæði og skila því í ekki síðra ástandi en þegar verktaki hóf framkvæmdir. Verktaki skal hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns og flytja í burt öll tæki, búnað, umbúðir og annað sem honum tilheyrir.

Maqntala er heild aðstöðu.

### 5.4.2 ÖRYGGISGIRÐING

Verktaki skal girða svæðið af í samræmi við lóðarmörk. Girðing skal vera a.m.k 2 metar á hæð, mannheld og stöðug. Uppbygging og frágangur girðingar er háð samþykkis eftirlitsmanns verkkaupa. Verktaki skal fjarlægja girðingu að verki loknu.

Maqntala er lengdarmetri (m) girðingar.

## 5.5 NIÐURRIF

### 5.5.1 ALMENNT

Verktaki skal rífa húsið sem stendur á lóðinni nr. 3. Áður en vinna við rif hefst, skal verktaki leggja fyrir eftirlitsaðila lýsingu á brotvinnu, aðgerðum og verktilhögun til samþykktar. Burðarvirki hússins er úr steinsteypu og steypum gólflötum.

Gert er ráð fyrir að verktaki rífi og fjarlægi allt lauslegt úr byggingunni áður en rif burðarvirkis hefst. Ennfremur skal verktaki gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja hrun einstakra byggingarhluta á meðan unnið er að sögun og rífi innanhúss.

Helstu verkþættir eru brot, rif, flokkun og förgun á: þaki, steypum veggjum, lagnakerfum, innveggjum, hurðum, gluggum, gleri, einangrun, gólfefnum, loftaefnum, hreinlætistækjum, innréttingum og öllum öðrum búnaði innan- og utanhúss sem verður þegar verktaki hefur vinnu við verkið, þó það sé ótalið í þessari lýsingu. Orkuveitan mun sjá um að fjarlægja hitaveitugrindur og inntak.

Allt efni skal flokka og meðhöndla í samræmi við reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og koma því til viðurkenndrar móttökustöðvar. Öll niðurhlutun byggingarhluta, flutningur og förgunarkostnaður til að vinna verkið, skal innifalið í tilboði verktaka. Verktaka er heimilt að nýta sér það efni sem til fellur við niðurrif.

**Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær**

Hér á eftir í köflum 5.5.2 - 5.5.19 eru nánari skýringar hvernig skuli standa að niðurrifi hússins. Mikilvægt er að verktaki skoði aðstæður vel á verkstað, áður en hann gerir tilboð sitt. Meðfylgjandi eru burðarvirkjateikningar hússins.

Maðntala niðurbrot er  $m^2$ , m, stk. eða heild, eftir því sem við á.

**5.5.2 UNDIRSTÖÐUR**

Verktaki skal fjarlægja og farga undirstöðum hússins. Þykkt á undirstöðum sem verða fjarlægðar eru 200 mm.

Magn er mælt í  $m^2$  sem flötur undirstöðu. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

**5.5.3 BOTNPLATA**

Verktaki skal fjarlægja og farga botnplötu hússins. Botnplatan er steipt og um 120 mm á þykkt.

Magn er mælt í  $m^2$  botnplötu sem verður fjarlægð. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

**5.5.4 MILLIPLÖTUR**

Verktaki skal fjarlægja og farga milliplötum hússins. Milliplötur eru steiptar og um 150 mm á þykkt.

Magn er mælt í  $m^2$  milliplata sem verða fjarlægðar. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

**5.5.5 STEYPTIR VEGGIR**

Verktaki skal fjarlægja og farga útveggjum hússins. Útveggir eru steiptir og um 180 mm þykkir.

Magn er mælt í  $m^2$  útveggja sem verða fjarlægðir. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

**5.5.6 TIMBUR VEGGIR**

Verktaki skal fjarlægja og farga útveggjum hússins. Útveggir efri hæðar viðbyggingar eru um 180 mm þykkir.

Magn er mælt í  $m^2$  útveggja sem verða fjarlægðir. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

**5.5.7 ÚTVEGGJAKLÆÐNING**

Verktaki skal fjarlægja og farga útveggjaklæðningu hússins. Útveggir eru múrhúðaðir á hefðbundinn hátt og efri hæð viðbyggingar er klædd með timbri.

Magn er mælt í  $m^2$  útveggjaklæðningar sem verður fjarlægð. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

#### 5.5.8 ÚTIGLUGGAR

Verktaki skal fjarlægja og farga gluggum hússins. Gluggar í útveggjum eru úr timbri og með tvöföldu gleri.

Magn er mælt í stk. glugga sem verða fjarlægðir. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

#### 5.5.9 ÚTIHURÐIR

Verktaki skal fjarlægja og farga útihurðum hússins. Hurðir í útveggjum eru úr timbri.

Magn er mælt í stk. hurða sem verða fjarlægðar. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

#### 5.5.10 ÞAKVIRKI

Verktaki skal fjarlægja og farga þaki hússins. Þakið er risþak og einhalla yfir viðbyggingu. Þakið er byggt úr timbri og klætt með máluðu bárujárni en þar undir er þakpappi, borðaklæðning og sperrur, ásamt einangrun þaksins. Þakkantur er steypdur, þakrennur úr plasti sem og niðurfallsrör hússins. Á þaki er einn þakgluggi og steypdur strompur með loftneti sem kemur upp úr þakinu.

Magn er mælt í  $m^2$  þakflatar. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

#### 5.5.11 INNVEGGIR

Verktaki skal fjarlægja og farga innveggjum hússins. Innveggir eru að mestu leyti léttir timbur veggir og flísalagðir að hluta í baðherbergjum og eldhúsum.

Magn er mælt í  $m^2$  innveggja sem verða fjarlægðir. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

#### 5.5.12 GÓLF

Verktaki skal fjarlægja og farga gólfefnum úr húsinu. Gólfefni er mismunandi, þ.e. fljótandi parket og flísar á baðherbergjum og forstofum.

Magn er mælt í  $m^2$  gólfefna sem verður fjarlægð. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær

---

### 5.5.13 LOFT

Verktaki skal fjarlægja og farga loftaklæðningu úr húsinu. Loft eru klædd að hluta með masonít plötum.

*Magn er mælt í m<sup>2</sup> loftaklæðningu sem verður fjarlægð. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.*

### 5.5.14 INNRETTINGAR

Verktaki skal fjarlægja og farga innréttingum úr húsinu. Í því felst að fjarlægja allt tréverk, klæðningu veggja, hurðarkarma, hurðir og þess háttar.

*Magn er mælt í heild í hverri íbúð fyrir sig af því efni sem verður fjarlæggt. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.*

### 5.5.15 HREINLÆTISBÚNAÐUR

Verktaki skal fjarlægja og farga hreinlætisbúnaði úr húsinu. Í því felst að fjarlægja vaska, salerni, blöndunartæki, sturtuklefa, baðkör, uppvottavélar og þess háttar. Hér er gert ráð fyrir að hver íbúð hafi sama fjölda af hreinlætisbúnaði.

*Magn er mælt í heild í hverri íbúð fyrir sig af því efni sem verður fjarlæggt. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.*

### 5.5.16 RAFLAGNIR/SÍMALAGNIR

Verktaki skal fjarlægja og farga rafmagnsvírum úr ídráttarrörum, sem gert er ráð fyrir að séu að mestu leyti úr plasti.

Rafmagns- og símatöflur skal fjarlægja áður en eiginlegt rif burðarvirkis hefst.

Raflagnateikningar til að meta lengdarmetra lagna liggja ekki fyrir, vegna þessa er gert ráð fyrir að hver íbúð hafi sama fjölda af raflögnum. Mikilvægt að verktaki komi á staðinn og meti hugsanlegt umfang.

*Magn er mælt í heild í hverri íbúð fyrir sig af því efni sem verður fjarlæggt. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.*

### 5.5.17 NEYSLUVATNS- OG HITAVATNSLAGNIR

Orkuveitan mun sjá um að fjarlægja hitaveitugrindur og inntak. Verktaki skal að öðru leyti sjá um að fjarlægja heitavatns- og hitaveitulagnir og búnað sem þeim tengdum.

Verktaki skal fjarlægja ofna og utánaliggjandi lagnir úr húsinu áður en eiginleg rif burðarvirkis hefst. Gert er ráð fyrir að verktaki fjarlæggi innsteyptar neyslu- og hitalagnir þegar steyptr eða hlaðnir veggir verða rifnir.

Lagnateikningar til að meta lengdarmetra lagna liggja ekki fyrir, vegna þessa er gert ráð fyrir að hver íbúð hafi sama fjölda af neyslu- og hitavatnslögnum.

Rif á húsum við Lækjarfit 3, 5 og 7, Garðabær

Magn er mælt í heild í hverri íbúð fyrir sig af því efni sem verður fjarlæggt. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

### 5.5.18 STEYPT GANGSTÉTT OG TRÖPPUR

Verktaki skal fjarlægja og farga steyptri gangstétt og tröppu norðanmegin, sem liggur að efri hæð hússins.

Magn er mælt í  $m^2$  gangstéttar og trappa sem verða fjarlægðar. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

### 5.5.19 LÓÐARFRÁGANGUR

Þegar niðurrifi hússins er lokið og búið er að fjarlægja gangstéttar og tröppur, skal verktaki skila lóðinni grófjafnaðri með því efni sem er á svæðinu. Gert er ráð fyrir að aðeins þurfi að grófjafna lóðina undir húsinu og gangstéttum við húsið.

Magn er mælt í  $m^2$  lóðar sem verður grófjöfnuð. Greiðslumörk miðast við málsetningar á teikningu 405.

## 5.6 TÍMAVINNUVERK

Verði samkomulag um að verktaki vinni verk (eða aukaverk) í tímavinnu skal nota taxa, sem verktaki býður í tilboði sínu, fyrir iðnaðarmenn og verkamenn. Taxtar skulu vera jafnaðartaxtar og ekki verður greitt aukalega þótt unnið sé utan dagvinnutíma. Tímagjaldið skal miðast við hvern unninn tíma. Taxtarnir skulu innifela allan kostnað svo sem allar samnings- og lögbundnar greiðslur ofan á laun, vsk, ferðir, fæði, álagningu, verkstjórn, kostnað vegna alls búnaðar sem verktaki þarf til að vinna verkið o.s.frv..

Í samkomulagi verktaka og verkkaupa um tímavinnu skal vera kveðið á um hvernig efniskaupum skuli háttað. Hvort verkkaupi leggur til efni, eða hvort verktaki leggi til efni, en það er ákvörðun verkkaupa. Leggi verktaki til efni skal álag verktaka fyrir umsjón með aðkeyptu efni og þjónustu sem verktaki hefur milligöngu um að láta vinna eða kaupa fyrir verkkaupa, skal vera 10 %. Er það álag fyrir efniskaup, móttöku, meðhöndlun, geymslu, stjórnun, ágóða o.s.frv..

Verktaki skal leggja fram tímaáætlun fyrir verkið sem vinna á í tímavinnu og fá hana samþykkt hjá eftirlitsmanni verkkaupa áður en vinna við verkið hefst, að öðrum kosti getur hann ekki krafist greiðslu fyrir verkið.

Verktaki skal leggja fram tímaskýrslu fyrir hvern dag sem unnið er í tímavinnu og skal fá samþykki eftirlitsmanns skriflega á hverja skýrslu eigi síðar en daginn eftir tímavinnuverkið, að öðrum kosti verður skýrslan ekki tekin til greina.

Maegtala er tímagjald (kr/klst) af hverri gerð.

## 6 VERKLÝSING FYRIR HÚS 5

### 6.1 ALMENNT

